

Alþingi

Máli nr. P 140/831

Middagur 15.12.2011

Alþingi
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Athugasemdir við þingskjal 438 – 362. mál
Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012

Efni: Umsögn um 13. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjarskipti og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun (CERT, tíðniréttindi, rekstrargjald o.fl.)

Vísað er til umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar sem barst Símanum hf. og Skiptum hf. 14. desember 2011. Þar er óskað m.a. óskað eftir umsögn félaganna vegna 13. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjarskipti og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun (CERT, tíðniréttindi, rekstrargjald o.fl.). Umsögn þessi er rituð f.h. Símans hf. sem m.a. rekur annarrar (2G) og þriðju kynslóðar farsímanet (3G).

Efnislega felur 13. gr. tilvitnaðs frumvarps í sér að taka eigi gjald fyrir tíðnir á 800 MHz tíðnisviðinu að fjárhæð 3.000.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz á tíðnisviðinu sem verði íágmarksgreiðsla fyrir afnotin verði valin uppboðsaðferð við úthlutun tíðnanna.

Tíðnisviðið sem um ræðir er ætlað til notkunar fyrir LTE, 4 kynslóð farsímaþjónustu, sem býður upp á meiri gagnahraða yfir farsímanet en þau farsímanet sem eru til staðar í dag. Í því felst jákvætt skref sem er til samræmis við þróun annars staðar í Evrópu. Úthlutun til 15 ára er einnig til þess fallin að hvetja til fjárfestinga og veitir æskilegan fyrirsjáanleika.

Síminn gerir hins vegar athugasemdir við það að gjaldið fyrir afnotin af tíðnum er talsvert hærra en við úthlutun á 900 MHz tíðnisviðinu og 1800 MHz tíðnisviðinu eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða III. í gildandi fjarskiptalögum, nr. 81/2003, sbr. 1. gr. laga nr. 146/2010. Tíðnigjaldið á 900 MHz tíðnisviðinu er 1.500.000 kr. á úthlutað MHz en 500.000 kr. á úthlutað MHz á 1800 MHz tíðnisviðinu. Verður í þessu sambandi að hafa í huga að fjárhagur fjarskiptafyrirtækja og aðgangur að fjármagni er talsvert verri nú en á árunum fyrir efnahagshrunið haustið 2008. Gjaldið er of hátt að mati Símans hf. Er því lagt til að fjárhæðinni 3.000.000 kr. í ákvæðinu verði breytt í 1.500.000 kr. á hvert úthlutað MHz til samræmis við framangreint. Of hátt gjald fyrir afnot af tíðnum er til þess fallið að leiða til hærra verðs til neytenda og kann jafnframt að fæla fyrirtæki frá því að fjárfesta í uppbyggingu fjarskiptaneta.

Reykjavík, 15. desember 2011

Virðingarfyllst,
f.h. Símans hf.



Hallmundur Albertsson, hdi.